



## Félag háskólakennara

### Aðalfundur Félags háskólakennara, haldinn fimmtudaginn 20. maí 2021

Baldvin Zarióh formaður Félags háskólakennara setti fundinn kl. 15:00 og stakk upp á því að Sigríður Jónsdóttir verði fundarstjóri fundarins. Það var samþykkt einróma.

Sigríður Jónsdóttir hóf fundinn og sagði að samkvæmt lögum félagsins hefði hann verið löglega boðaður með tveggja vika fyrirvara.

Dagskrá aðalfundar er samkvæmt 5. grein laga félagsins eftirfarandi:

1. Lögð fram ársskýrsla.
2. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins.
3. Ákveðið félagsgjald og hlutdeild félagsgjalda í kjaradeilusjóð sbr. 3. gr. reglna um sjóðinn.
4. Tillögur um lagabreytingar, ef fram koma.
5. Kosin stjórn, sbr. 8. grein.
6. Kosin kjörnefnd, sbr. 8. grein.
7. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga.
8. Önnur mál.

#### 1. Skýrsla stjórnar

Baldvin Zarióh formaður félagsins kynnti skýrslu stjórnar. Rakti hann helstu verkefni og störf stjórnarinnar á liðnum vetri. Ýmis málefni hafa verið á borði stjórnar en vegna heimsfaraldurs hafa flestir fundir hennar farið fram á fjarfundum. Stjórn hefur einnig skipt með sér verkum og verkefnum í undirnefndum sem hefur kallað á ýmsa aukafundi.

Mikil vinna hefur átt sér stað í samráðsnefnd um kjaramál HÍ og félagsins á liðnu starfsári og árangur náðst í mörgum málum. Helst ber að nefna vinnutímastyttingu stjórnsýslu, undirritun heildarstofnanasamning félagsins og HÍ þann 5. mars sl. með áunnum breytingum, stig sky. SKREFI gerð aðgengileg, skriflegar reglur nýdoktorasjóðs og ýmsum öðrum málum er snerta á réttindum allra félagsmanna á ýmsan hátt. Þá hafa fundir í samstarfsnefndum annara stofnana verið haldnir og stofnanasamingar undirritaðir.

Undirnefnd stjórnar var skipuð er hafði það verkefni að fjalla um málefni FEDON. Niðurstaða þeirrar vinnu var að leggja fyrir aðalfund 2021 tillögur að breytingum að lögum félagsins þess efnis að félagsmenn sem ráðnir eru tímabundinni ráðningu á grundvelli rannsóknastyrkja fái fulla aðild þ.e. kjörgengi og atkvæðarétt.

Stjórn félagsins skilaði þann 19. júní 2020 umsögn um endurskoðun reglna um framgang og tímabundna ráðningu og í mars sl. sendi stjórn félagsins erindi fyrir stefnumótun HÍ.

Skipaður var starfshópur vegna samkomulags um umhverfi matskerfis opinberu háskólanna og í starfshópi um greiðslufyrirkomulag kennslu situr Berglind Eva Benediktsdóttir, fyrir hönd félagsins.

Að loknum þakkaði formaður stjórnarmönnum vel unnin störf á liðnum vetri og gott samstarf.

## **2. Ársreikningur**

Guðmundur Ingi gjaldkeri stjórnar, lagði fram og kynnti endurskoðaða reikninga félagsins fyrir árið 2020. Rekstrarreikningur ársins 2020 sýndi hagnað á rekstri um tæpar sex milljónir króna. Eignarstaða félagsins er góð og nemur handbært fé í árslok rúmum 13 milljónum króna og kjaradeilusjóður á eignir sem nema rúmum 105 milljónum króna.

Íris Davíðsdóttir formaður SFH gerði grein og kynnti rekstrarlegra stöðu Starfsþróunarsjóðs félags háskólakennara skv. ársreikningi og tölulegum upplýsingum.

Fundarstjóri gaf fundarmönnum kost á því að koma með spurningar um skýrslu stjórnar og ársreikning. Engar spurningar bárust.

Fundarstjóri bar upp ársskýrslu stjórnar til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða. Þá bar fundarstjóri ársreikninginn upp til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.

## **3. Félagsgjald og hlutdeild félagsgjalda í kjaradeilusjóð**

Formaður gerði grein fyrir afstöðu stjórnar um óbreytt félagsgjöld eða 0,55% af heildarlaunum félagsgjalda ásamt óbreyttu hlutdeild félagsgjalda í kjaradeilusjóð sem er 9,1% af félagsgjöldum.

Fundarstjóri bar upp tillöguna og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

## **4. Tillögur um lagabreytingar**

Sævar Ingþórsson gerði grein fyrir forsögu og tillögum stjórnar að lagabreytingum sem kynntar höfðu verið fyrir félagsmönnum í samræmi við 7. gr. laga félagsins. Forsaga málsins er eftirfarandi:

„Á aðalfundi Félags háskólakennara í maí 2020 var skorað á stjórn félagsins að endurskoða ákvæði í lögum félagsins um aukaaðild. Á aðalfundinum var lögð fram tillaga um fulla aðild þeirra sem ráðnir eru tímabundinni ráðningu á grundvelli rannsóknastyrkja. Sú tillaga var felld naumlega. Ljóst var að mikil óánægja var hjá þessum hópi félagsmanna sem ekki hefur fulla aðild að félaginu, þ.e. kjörgengi og atkvæðarétt, en greiða full félagsgjöld.

Málið var til umræðu á fyrsta fundi nýrrar stjórnar félagsins þann 3. júní 2020. Haldinn var fundur með fulltrúum FEDON þann 11. júní og í framhaldi af honum þann 31. ágúst 2020, var send viljayfirlýsing stjórnar Félags háskólakennara til stjórnar FEDON.

Hún er svohljóðandi: „Stjórnarárið 2020-21 skuldbindur stjórn Félags háskólakennara sig til að taka lög félagsins til endurskoðunar og þá sérstaklega 3. grein, en sú grein fjallar um réttindi til fullrar aðildar og aukaaðildar að félaginu. Markmið endurskoðunarinnar verður meðal annars að auka aðkomu doktorsnema og nýdoktora að stjórnun og ákvarðanatöku innan félagsins. Endurskoðunin verður unnin í samráði við FEDON, félags doktorsefna og nýrannsakenda við Háskóla Íslands og verður tillaga stjórnar að breyttum lögum lögð fram á næsta aðalfundi Félags háskólakennara vorið 2021.”

Á stjórnarfundum þann 2. september 2020 var svo settur á fót undirhópur stjórnar Félags háskólakennara er falið var að skoða þessi mál sérstaklega og ennfremur að fá lögfræðilegt álit á efninu.

Niðurstaða nefndarinnar og þar með stjórnar félagsins liggur hér til grundvallar og er hér gerð tillaga að lagabreytingu þess efnis að félagsmenn sem ráðnir eru tímabundinni ráðningu á grundvelli rannsóknastyrkja fái fulla aðild, þ.e. texti um aukaáðild sem er í núverandi lögum falli niður. Jafnframt er hér tillaga um að einn fulltrúi doktorsnema og nýdoktora fái fulltrúa til stjórnar félagsins til eins árs í senn.

Í greinum 1, 2, 5, 6, 7, 9, 10, 11, 12, 13, 14 og 15 er ekki um efnislegar breytingar að ræða heldur er hér gerð tillaga að breytingu á fyrirsögnum greinanna.“

Sævar fór yfir allar greinar á lögum félagsins og hvernig þær eru og tillögur stjórnar að breytingum þeirra. Sérstaklega var vakin athygli á tillögu til bráðabrigða er hljóðar svo: „*Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. 2. mgr. skal stjórn að loknum aðalfundi Félags háskólakennara á árinu 2021 standa fyrir kosningu um fulltúa styrkþega í stjórn Félag háskólakennara sem mun sitja fram að aðalfundi 2020, án aðkomu kjörnefndar.*“

Í rökstuðningi með tillögu til bráðabrigða segir: „Ef tillaga að breytingu á lögum Félags háskólakennara verður samþykkt á aðalfundi 2021 sem felur í sér að aukaáðild er felld niður og stjórnarmönnum fjölgi um einn, úr hópi launþega á styrk, þarf að boða til aðalfundar þar sem fulltrúi hópsins verður kosinn. Lagt er til að haldinn verði félagsfundur en ekki boðað til aukaáðalfundar til að flýta fyrir ferlinu. Þessi tillaga til bráðabrigða fellur ná niður í lögum félagsins eftir aðalfund félagsins 2022.“

Fundarstjóri bar upp tillögu að lagabreytingum fyrir fundinn til atkvæða og voru þær samþykktar með öllum greiddum atkvæðum. Fundarstjóri bar upp lögina í heild sinni til atkvæða og voru þau samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

## **5. Kosning stjórnar**

Í bréfi kjörnefndar til stjórnar dags. 12. maí 2021 er lagt til eftirfarandi:

Formaður til eins árs:

Baldvin M. Zariou, deildarstjóri Vísinda- og nýsköpunarsviði.

Meðstjórnendur til tveggja ára:

Berglind Eva Benediktsdóttir, dósent, Lyfjafræðideild.

Guðmundur Ingi Guðmundsson, sérfræðingur, Landsbókasafni – háskólabóksafni.

Jens G. Hjörleifsson, lektor, Raunvísindadeild.

Fundarstjóri gerði grein fyrir stjórnarkjöri. Félagsmönnum var sendur póstur þar sem þeir voru hvattir til að bjóða sig fram til stjórnar Félags háskólakennara og senda framboð til kjörnefndar félagsins. Eitt framboð kom fram til formanns og þrjú um aðra stjórnarmenn, það var því ljóst að ekki þarf að kjósa um framboð.

Tillaga um kjörnefndar dags. 12. maí var borin upp til atkvæða. Tillagan var samþykkt samróma.

## **6. Kosning kjörnefndar**

Tillaga stjórnar um kjörnefnd lá fyrir eftirfarandi:

Kjörnefnd:

Kristín Harðardóttir.

Sverrir Guðmundsson.

Sigríður Jónsdóttir.

Engin mótframboð komu fram og tillaga stjórnar var samþykkt með lófaklappi.

## **7. Kosning skoðunarmanna reikninga**

Tillaga stjórnar um skoðunarmenn reikninga lá fyrir eftirfarandi:

Skoðunarmenn reikninga:

Sigríður Jónsdóttir

Reynir Örn Jóhannesson

Engin mótframboð komu fram og var tillaga stjórnar samþykkt.

## **8. Önnur mál**

Baldvin Zarióh formaður félagsins bað um orðið og lagði til að haldinn verði félagsfundur 2. júní nk. Á fundinum verði einungis eitt mál á dagskrá sem er kosning úr hópi launþega á styrk til stjórnar félagsins sbr. nýsamþykktum lögum. Engar athugasemdir bárust og framkvæmdastjóra var falið að auglýsa fundinn í samræmi við lög félagsins.

Þá þakkaði formaður fundarmönnum fyrir komuna á aðalfundinn. Einnig þakkaði hann stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra félagsins gott samstarf á liðnu starfsári og liðnum árum.

Fleira ekki gert.

Fundi lauk kl. 16:15.

Fundarritari, Helga Birna Ingimundardóttir.